

1875

4
16da
jan.*Brjef landshöfðingja* (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu).

Eftir beiðni bæjarfógetans í Reykjavík, er amtmáðurinn hafði mælt fram með, höfðu af fje því, sem ætlað er til ýmislegra óvissra útgjalda, verið veittir 70 rd. til að kaupa handa bæjarfógetanum í Reykjavík bát með seglum og árum m. fl., er nefndur embættismaður gæti haft á embættisferðum sínum, og var nú amtmanni skrifað um að hafa tilsjón með, að bátur þessi yrði ritaður á skrána yfir það, er fylgir bæjarfógetaembættinu, og, að bæjarfógetinn haldi bátnum við og því, er honum fylgir.

5
30ja
febr.*Brjef landshöfðingja* (til allra sýslumanna).

Samkvæmt opnum brjefum 18. júlí 1848 og 2. marts 1853, og áætlun um tekjur og gjöld landsins, dagsettri 6. nóvbr. 1874 § 3, ber til endurgjalds alþingiskostnaðinum á manntalsþingunum 1875 að greiða 14000 krónur, og falla af þeim $\frac{3}{4}$ á afgjöld tollskyldra jarða í landinu með 3 aurum á hvert krónuvirði.

Vilduð þjer, herra sýslumaður, innan næstkomanda ágústmánaðarloka, hafa gjört grein fyrir gjaldi þessu úr lögsagnarumdæmi yðar, samkvæmt umburðarbrjefi dómsmála-stjórnarinnar 18. júlí 1848.

6
4da
febr.

Verðlagsskrá,

sem gildir í

Austur og Vestur Skaptafellssýslu. frá miðju maímánaðar 1875 til sama tíma 1876.

		í peningum.		Hundrað á		Alin.
		Kr.	Aur.	Kr.	Aur.	Aur.
<i>A. Friður peningur:</i>						
1.	1 c 1 kýr, 3 til 8 vetra, sem beri frá miðjum október til nóvembermánaðar loka, í fardögum . . . á	81	44	81	44	67,9
2.	— 6 ær, 2 til 6 vetra, loðnar og lembdar, í fardögum . . . hver á	9	79	58	74	49
3.	— 6 sauðir, 3 til 5 vetra, á hausti . . . —	11	8	66	48	55,4
4.	— 8 — tvævetrir . . . —	8	53	68	24	56,9
5.	— 12 — veturgamlir . . . —	6	25	75	"	62,5
6.	— 8 ær geldar . . . —	8	11	64	88	54,1
7.	— 10 — mylkar . . . —	5	46	54	60	45,6
8.	— 1 áburðarhestur, taminn, 5 til 12 vetra, í fardögum . . . á	59	94	59	94	50
9.	— 1 $\frac{1}{3}$ hryssu, á sama aldri . . . hver á	44	61	59	48	49,6
<i>B. Ull, smjör og tólg:</i>						
10.	1 c 120 z af hvítri ullu, vel þveginni . . . pundið á	"	89	106	80	89
11.	— 120 - af mislitri ullu, vel þveginni . . . —	"	62	74	40	62
12.	— 120 - af smjöri, vel verkuðu . . . —	"	54	64	80	54
13.	— 120 - af tólg vel bræddri . . . —	"	33	39	60	33
<i>C. Tóvara af ullu:</i>						
14.	1 c 30 z hespugarns, 3 til 6 hespur í pundi, haldi hver hespa 11 skreppur, en hver skreppa 44 þræði . . . pundið á	"	"	"	"	"
15.	— 60 þör eingirnissokka . . . parið á	"	83	49	80	41,5
16.	— 30 — tvíbands gjaldsokka . . . —	1	33	"	"	"
17.	— 180 — sjóvetlinga . . . —	"	28	50	40	42
18.	— 20 eingirnispesur . . . hver á	2	"	"	"	"
19.	— 15 tvíbands gjaldpesur . . . —	2	25	"	"	"
20.	— 120 álnir gjaldvoðar vaðmáls, álnar breiðs 1 alin á	1	26	"	"	"
21.	— 120 — einskeptu, 1 al. til 5 kv. breiðrar —	1	2	"	"	"